

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1105

Dagsetning: 17. mars 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjann Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Bjarma Magnúsdóttir, leiðtogi fasteignaþjónustu HH, og Karl Á. Hjartarson, verkefnastjóri fasteignaþjónustu, sátu fundinn undir lið 6.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 10. mars 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Stjórnendafundur

Undirbúningur fyrir stjórnendafund 19. mars.

4. Þjónusta heilsugæslustöðva

Umræða um þróun á þjónustu heilsugæslustöðva eftir efri leiðinni.

5. Stofnun ársins

Rætt var um umbótaverkefni framkvæmdastjórnar til að fylgja eftir niðurstöðum könnunarinnar Stofnun ársins. Ákveðið var að áherslan verði á stjórnun, launakjör, vinnuskilyrði og ímynd stofnunarinnar. Markmið framkvæmdastjórnar með eftirfylgninni er að laða að gott fólk og styðja það til að blómstra í starfi.

6. Húsnæðismál og skipulag skrifstofu

Bjarma Magnúsdóttir, leiðtogi fasteignaþjónustu HH, og Karl Á. Hjartarson, verkefnastjóri fasteignaþjónustu, komu á fundinn og kynntu hugmyndir um breytingar á skipulagi starfsstöðva á skrifstofu HH við Álfabakka.

Aðgerðir og verkefni

- Ljúka þarf undirbúningi fyrir fund með stjórnendum á fimmtudag, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM, ÍDH, KBM, NSK, RÓE, BJ

- Halda þarf áfram vinnu við þróun þjónustu heilsugæslustöðva, sjá lið 4.
Ábyrgð: NSK, RÓE
- Vinna þarf að umbótaverkefnum tengt niðurstöðum könnunarinnar Stofnun ársins, sjá lið 5.
Ábyrgð: KBM
- Halda þarf áfram vinnu við skipulag starfsstöðva á skrifstofu, sjá lið 6.
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 9:40.